

Fundargerð háskólaráðs

349. fundur mánudaginn 26. maí 2014

fundaherbergi 262, Borgum kl. 10.10 – 12.15

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 10.10

Mættir voru auk hans:

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs
Aníta Einarsdóttir varafulltrúi nemenda
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Hallur Gunnarsson varafulltrúi menntamálaráðherra
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Ólafur Búi Gunnlaugsson forstöðumaður

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar, mál til kynningar

"[málsnúmer]"

Fundargerðir 347. og 348. funda voru bornar upp og samþykktar.

- Rektor gerði grein fyrir stöðu innritunar á haustmisseri 2014. Yfirlit sýnir stöðuna 19. maí með samanburði við síðasta ár og gefur það vísbendingar. Frestur til að innritast er til 5. júní. Skrásetningargjald þarf að greiða fyrir 10. júlí.

2. Rekstraryfirlit janúar-apríl

1403039

HC
HS
S
S

ÚH gerði grein fyrir yfirlitinu. Um er að ræða brúttóútgjöld og eftir er að færa tekjur á móti tilteknum útgjöldum. Þannig á eftir að færa tekjur vegna rannsóknamissera o. fl. á móti launakostnaði á fræðasviðunum. Staða fræðasviðanna er þó þannig að huga verður mjög að launakostnaði sviðanna á haustmisseri. Heildarútgjöld fræðasviða, stoðþjónustu/stjórnsýslu og ýmissa verkefna er 31,68% af áætlun en viðmiðið er 33,33%. Staða stofnana og setra er í samræmi við áætlun.

ÓH greindi frá launahækkunum í kjölfar nýs kjarasamnings FHA. Framlag ríkissjóðs til HA hækkar frá 1. september nk. vegna þessa. Sambærilegt starfsfólk HÍ fær launahækkunina frá 1. apríl. Af hálfu HA verður unnið að því að launahækkanir umrædds hóps innan HA taki gildi frá sama tíma, enda eigi launin að vera þau sömu, en til þess þarf framlag ríkisins að hækka. ÓH mun upplýsa háskólaráð um málið aftur í haust.

3. Reglur um gjaldskrá HA og ráðstöfun gjalda vegna þjónustu við nemendur 1405040

ÚH útskýrði reglur um gjaldskrá vegna þjónustu við nemendur sem tekur m.a. til skrásetningargjalda. Skrásetningargjald var hækkað fyrir skólaárið 2014-2015 úr 60.000 kr. í 75.000 kr. í samþykktri rekstraráætlun skólans (á grundvelli 24. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla). Nemendur geta fengið leyfi til að skrá sig utan auglýstra skrásetningartímabila. Við skráningargjaldið bætist þá 15% álag vegna aukakostnaðar við innritun.

Háskólaráð samþykkti reglur um gjaldskrá HA og ráðstöfun gjalda vegna þjónustu við nemendur. Verða þær birtar í Stjórnartíðindum.

4. Samkomulag um breytingar á stofnanasamningi FHA og HA 1405041

Samkomulagi kveður á um eftirfarandi breytingar á stofnanasamningi HA og FHA:

- Allir félagsmenn í FHA fá hliðrun um þrjú þrep til hægri í launatöflu frá og með 1. ágúst 2014.
- Allir félagsmenn í FHA fá hliðrun um eitt þrep í launatöflu frá og með 1. janúar 2015.

Fáist meira fjármagn til skólans þannig að hægt verði að framkvæma samninginn frá og með 1. apríl 2014 eins og í HÍ, eru aðilar sammála um að fjármögnun hliðrunar um fjórða

OK SD
EHC HK

þrepið fyrir kennara (aðjúnkta, lektora og dósentta) frá sama tíma verði gerð með endurskoðun á fyrirkomulagi vinnumatssjóðs. Sú endurskoðun verði þá gerð með breytingu eða bókun við stofnanasamning sem er í endurskoðun en er ekki fullgerður.

ÚH gerði nánari grein fyrir málinu og svaraði fyrirspurnum.

Háskólaráð staðfesti samkomulagið.

Rektor þakkaði ÓH og ÚH fyrir og fóru þeir af fundinum.

5. Brautskráning 14. júní, staða mála

1309039

ÓBG kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn.

ÓBG greindi frá því að hægt er að koma fyrir allt að 900 sætum í hátíðarsalnum, Miðborg og M 101 og M 102. Því til viðbótar er pláss fyrir ca. 80 manns á svölum í Miðborg ef með þarf, m.ö.o. eru næg sæti. Með blómum og skreytingum verður skapað heildarútlit í öllum rýmum. Upptöku af brautskráningarathöfninni verður streymt á netinu.

ÓBG svaraði fyrirspurnum. Háskólaráð tók jákvætt í málið.

Rektor þakkaði ÓBG fyrir og fór hann af fundinum.

6. Skipun umhverfisráðs

1403019

Rektor bar upp tillögu að skipun umhverfisráðs. Tillagan er:

Fulltrúar háskólans:

Andrea Hjalmsdóttir lektor, formaður,* til vara Edward H. Huijbens prófessor

Stefán Sigurðsson lektor, til vara Anna Ólafsdóttir dósent

Kristín Konráðsdóttir bókavörður

*með fyrirvara um áframhaldandi ráðningu við háskólann

Fulltrúar nemenda kosnir á aðalfundi FSHA:

Aðalfulltrúi: Elín Birna Vigfúsdóttir nemi, til vara: Gunnar Már Hauksson nemi

Vantar einn aðalfulltrúa og annan til vara frá FSHA.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'JK', 'KS', 'SM', and 'SK'.

Háskólaráð samþykkti tillöguna. Rektor hefur heimild háskólaráðs til að ganga frá skipuninni eins fljótt og hægt er.

7. Ráðning nýs rektors

1401153

Rektor taldi að háskólaráð hefði unnið gott verk við val á nýjum rektor háskólans. Eyjólfur Guðmundsson kemur í háskólann í fyrstu viku júní til fundar við rektor og framkvæmdastjóra, gæðastjóra, forseta fræðasviða og fleiri starfsmenn. Mun hann taka við starfinu frá og með 1. júlí nk.

Rektor greindi frá samskiptum sínum við Umboðsmann Alþingis vegna ráðningar forseta hug- og félagsvísindasviðs fyrr á árinu. Háskólaráð mun fá send þau gögn sem þeim hafa farið á milli varðandi málið.

FJ óskaði eftir að fá yfirlit yfir kostnað pr. nemanda í íslenskum háskólum.

8. Önnur mál

Rektor sagði frá mjög góðri útkomu háskólans úr stofnanaúttekt. Skýrslan Reflective Analysis og meðfylgjandi áætlun um 40 atriði til umbóta hefur fengið mjög góða umsögn hjá Norman Sharp, sem er formaður úttektarnefndarinnar. Stefnt er að því að lokaskýrsla úttektarnefndarinnar verði gefin út fyrir miðjan júní. Starfsfólk var mjög virkt við ritun RA-skýrslunnar. Gæðastjóri hefur unnið mjög gott starf við að stýra allri vinnunni.

Rektor sagði frá því að ákveðið hefur verið að gefa nemendum kost á að fá brautskráningarskírteini í febrúar og október. Það verður óformleg afhending. Framkvæmdastjórn hefur ákveðið að nemandi sem brautskráist í október og febrúar greiði fullt skráningargjald fyrir skólaárið. En nýir nemendur um áramót greiða bara fyrir vormisserið.

Rektor athugar með nemendum sem skila lokaverkefni í ágúst, hvort þeir greiða skráningargjald fyrir það skólaár sem er að hefjast.

Handwritten initials and marks in the bottom right corner, including "H", "S", and "H".

Hermína spurðist fyrir um vinnuhóp til að endurskoða námsframboð sem ákveðið var að stofna (háskólaráð fundargerðir 332. og 335. funda). Rektor mun kanna hvar málið er statt.

Hermína vitnaði í stefnu HA 2012 – 2017, kaflann um rannsóknir og nýsköpun. Eins og fjárhag fræðasviðanna er háttáð getur háskólinn ekki uppfyllt ákvæði stefnunnar varðandi rannsóknir starfsmanna. Fjármagnið er of lítið og aðferðir við úthlutun þess ekki samræmdar á fræðasviðunum. Í umræðu kom fram að nauðsynlegt er að skoða málin fyrir allan skólann.

Umræða varð um rannsóknasjóð HA og möguleika á að efla hann og komu fram nokkrar hugmyndir. Rektor mun taka það til frekari skoðunar, sem og aðferðir við úthlutun rannsóknarfjármagns innan fræðasviðanna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.

12.15.



Hermína Ólafsdóttir



Stanna Jónsdóttir

